

TILGANGUR

Gæðastefnan markar sýn og gildismat Landspítala til öryggis og gæða í þjónustu við sjúklinga. Gæðastefnan endurspeglar stefnu Landspítala.

SÝN

Að öryggismenning Landspítala sé öflug, en réttlát og í samræmi við lög. Við hvetjum starfsmenn til að ræða opinskátt um það sem úrskaiðis fer í þjónustunni en refsam þeim ekki fyrir mannlegar yfirsjónir þeirra. Þannig lærir stofnunin og verður betri.

Gæðastefna Landspítala endurspeglar sex meginvíddir WHO um gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu



ÖRYGGI

Öryggi sjúklinga er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin öllu sem gert er. Traust ríkir á milli starfsmanna og þeir hvattir til að láta vita um það sem úrskaiðis fer, með það að markmiði að læra af.



TÍMANLEIKI

Rétt meðferð, á réttum tíma og á réttu þjónustustigi er grundvöllur góðrar þjónustu. Það sem úrskaiðis fer er skráð jafnóðum í atvika-grunn og úrvinnsla er skv. skjalfestu verklagi.



SKILVIRK ÞJÓNUSTA

Aðferðir straumlínustjórnunar og Áfram hringsins (PDSA) eru nýttar til stöðugra umbóta, til að lágmarka sóun og hámarka virði þjónustunnar fyrir sjúklinginn og aðstandendur hans. Nýsköpun og samhæfing verklags stuðlar að auknu virði þjónustunnar. Öryggisvegferðinni lýkur aldrei.



JAFNRÆÐI

Réttur sjúklings til bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita óháð kynferði, trú, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.



NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

Virðing gagnvart þörfum og væntingum notenda, sem og þátttaka þeirra í eigin meðferð, er grundvöllur þess að þjónustan verði notendamiðuð.



ÁRANGURSRÍK ÞJÓNUSTA

Landspítali veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem byggð er á bestu þekkingu sem völ er á. Árangur meðferða er birtur á hlutlægán hátt.